

# Fundargerð 123. fundar

## fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2019, miðvikudaginn 11. desember kl. 12:00 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Anna Magnea Hreinsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Helgi Arnarson, Margrét Halldórsdóttir og Skúli Þór Helgason.

Að auki sátu fundinn: Guðjón Bragason sviðsstjóri, Klara Eiríka Finnbogadóttir sérfræðingur, Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur, Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi, Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir lögfræðingur og Þórður Kristjánsson sérfræðingur í skólamálaum, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Endurmenntunarsjóður grunnskóla 2020-2021 - 1911001NA

Klara E. Finnbogadóttir, starfsmaður Námsleyfasjóðs, óskaði eftir hugmyndum fræðslumálanefndar að áherslum Endurmenntunarsjóðs grunnskóla vegna skólaársins 2020-2021. Opnað verður fyrir umsóknir í Endurmenntunarsjóð grunnskóla eftir miðjan janúar 2020.

*Ýmsum hugmyndum um áherslusvið var varpað fram en lögð áhersla á mikilvægi þess að þau endurspegluðu þau starfsþróunarsvið sem kennarar telja brýnust og kalla m.a. eftir í niðurstöðum TALIS rannsóknarinnar frá 2018 og frammistöðu íslenskra nemenda í PISA 2018.*

*Auk þess var rætt um mikilvægi þess að innleiða nýja, árangursríka og gagnreynda kennsluhætti, efla kennara í foreldrasamskiptum og búa nemendur undir skóla framtíðarinnar og virka þátttöku í 4. iðnbyltingunni.*

### 2. Kulnun kennara og starfsaðstæður - 1911104SA

Dr. Amalía Björnsdóttir, dr. Sif Einarsdóttir o.fl. birtu nýverið niðurstöður rannsóknar á kulnun kennara og starfsaðstæðum. Úrtakið var Kennarafélag Reykjavíkur og svarhlutfall var um 38%. Þær komu á fund fræðslumálanefndar, kynntu helstu niðurstöður og tillögur að úrræðum. Það eru 4 þættir sem einna helst valda álagi í starfi kennara: Foreldrasamstarf, afleiðingar efnahagshruns sem leiddi til færri bjarga en áður, breytingar á kröfum með nýjum námskrám, sér í lagi er varða námsmat, og fjölbreyttari nemendahópur með sífellt hækkandi hlutfalli nemenda af erlendum uppruna.

Dagskrárlíðir 3 og 4 tengjast og verður umfjöllun um þá samtvinnuð.

*Fram kom að mikilvægast væri að skoða vinnuaðstæður, hlutverk og ábyrgð stjórnenda, forvarnir og ívilnanir. Þá er þýðingarmikið að vinna að heilsuefingu til langs tíma lítið þegar unnið hefur verið að forvörnum. Leggja þarf áherslu á þjálfun*

kennaranema í viðtalstækni og foreldrasamskiptum, hegðunar- og bekkjarstjórnun. Þá er mikilvægt að gert sé áhættumat reglulega varðandi vinnuumhverfi.

Nú er unnið að umbótum í starfsumhverfi kennara á grundvelli úttekta sem gerðar voru 2016 í tengslum við bókun með kjarasamningi FG og sambandsins auk þess sem Vinnueftirlitið hefur hafið reglubundnar eftirlitseheimsóknir í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu sem vafalítið eiga eftir að skila betra starfsumhverfi.

### **3. Niðurstöður TALIS 2018 fyrir unglingastig grunnskóla með áherslu á kafla 3 um starfsþróun og kafla 7 um starfsánægju. - 1907013SA**

Ræddar voru niðurstöður TALIS í tengslum við kafla 7 um starfsánægju og kafla 3 um starfsþróun, í þeim tilgangi að finna leiðir til þess að greina frekari forsendur niðurstaðna svo vinna megi að markvissum umbótum. Kolfinna Jóhannesdóttir, sviðsstjóri greiningarsviðs hjá MMS sat þennan fundarlið ásamt Ragnari F. Ólafssyni, sérfræðingi í alþjóðlegum rannsóknum hjá MMS. Fram kom hjá þeim að agavandamál virðast reyna meira á kennara héraendis en víða annars staðar ásamt kennslu nemenda af erlendu uppruna auk þess sem kvartað er undan foreldrasamstarfi. Kennarar meta viðhorf samfélagsins og fjölmiðla til starfs þeirra afar neikvætt en sjálfir hafa þeir afar jákvætt viðhorf til eigin frammistöðu.

Fræðslumálanefnd telur mikilvægt að greina frekar þau neikvæðu viðhorf sem kennarar upplifa frá samfélaginu, fjölmiðlum og stefnumótendum til starfs þeirra. Þýðingarmikið er að fá fram raunverulegar ástæður þessa svo unnt sé að vinna ofan af þessum viðhorfum og taka að byggja upp jákvæðara samband á milli starfa kenningar og viðurkenningar og virðingar fyrir þeim í samfélaginu. Óskað verður eftir fundi með fulltrúum MMS á næsta ári til þess að setja niður frekari greiningar í samstarfi við sambandið.

### **4. PISA 2018 - 1802070SA**

Niðurstöður PISA 2018 liggja fyrir og voru ræddar ásamt þeim aðgerðum sem menntamálaráðherra hefur boðað til í kjölfarið. Lögð voru fram drög að minnisblaði um viðbrögð sambandsins sem rædd verða á stjórnafundi komandi föstudag. Kolfinna Jóhannesdóttir, sviðsstjóri greiningarsviðs hjá MMS sat þennan fundarlið ásamt Ragnari F. Ólafssyni, sérfræðingi í alþjóðlegum rannsóknum hjá MMS. Talsverð umræða spannst um að skólatími nemenda væri ekki nægjanlega vel nýttur og gera þyrfti meiri væntingar til frammistöðu og árangurs nemenda. Ekki væri ásættanlegt að fækkað hefði úr 7% í 3% þeim nemendum sem ná efsta hæfniprepi PISA milli kannana. Þá kom fram að niðurskurður á fjármagni er boðaður til MMS um leið og gera á til stofnunarinnar auknar kröfur um viðbrögð og aðgerðir í kjölfar PISA.

Fræðslumálanefnd leggur til að frekari greiningar verði gerðar á þeim mikla frammistöðumun sem birtist í niðurstöðum milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. Þá telur nefndin mikilvægt að boðaðar aðgerðir mennta- og menningarmálaráðherra verði bæði fjármagnaðar og mannaðar og gerir alvarlegar athugasemdir við þann niðurskurð sem MMS hefur mátt taka á sig að undanfögnu. Það gengur engan veginn upp að á sama tíma og boðuð er aukin námsgagnaútgáfa, fjölgun íslenskutíma og nýjar áherslur í læsismálum þá skuli MMS þurfa að segja upp læsisráðgjöfum og draga úr fjármagni til endjurnýjunar námsgagna. Fræðslumálanefnd leggur jafnframt til að endurskipan skólakerfisins í heild verði

*liður umræðu um skólaumbætur komandi missera með vísun í niðurstöður Skólaþings sveitarfélaga í nóvember sl.*

#### **5. Leiðbeiningar um frístundaþjónustu við fötluð skólabörn - 1911103SA**

Kynnt verða drög að viðmiðum um frístundaþjónustu við fötluð börn. María Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi, kom á fundinn og gerði grein fyrir þeim breytingum sem urðu við gildistöku laga um þjónustu við fatlað fólk í október 2018. Með þeim varð frístundaþjónusta við börn og ungmenni lögbundin og kostnaði við framkvæmdina skipt milli ríkis og sveitarfélaga. Þjónustan skal vera sem mest samþætt við aðra frístundaþjónustu og metin út frá einstaklingsbundnum þörfum. Sveitarfélög setja sér álmenna gjaldskrá vegna þessa en er ekki heimilt að verðleggja þjónustu við fatlaða með öðrum hætti en ófatlaða. Leiðbeiningar um framkvæmd fylgja lögnum og er markmið þeirra fyrst og fremst að jafan stöðu foreldra fatlaðra og ófatlaðra barna á vinnumarkaði, veita börnum sambærilega þjónustu og rjúfa félagslega einangrun fatlaðra barna og ungmenna.

#### **6. Fræðsla og upplýsingamiðlun í málaflokki fatlaðs fólks - 1909027SA**

Kynnt voru námskeið/vinnustofu sem sambandið áformar að halda fyrri hluta ársins 2020 til þess m.a. að auka kostnaðarvitund starfsfólks í félags- og skólaþjónustu og bæta samræmingu, skráningu og eftirfylgni með lögum og reglugerðum í málaflokki fatlaðs fólks. Námskeiðin munu byggja á Sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks og áhrifa lögfestingar hans á verkefni sveitarfélaga. Fleiri vinnustofur eru áætlaðar um málefni fatlaðs fólks og verða þau auglýst síðar. María Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi, kynnti drög að dagskrá.

*Fræðslumálanefnd lýsti ánægju sinni með þetta framtak sambandsins og taldi ríka ástæðu til þess að fylgja eftir bæði lögum um málefni fatlaðs fólks og þeim nýju verkefnum sem þeim fylgja fyrir sveitarfélög auk innleiðingar sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks.*

#### **7. Námsleyfi 2020-2021 - 1906001NA**

Klara E. Finnbogadóttir, starfsmaður Námsleyfasjóðs, greindi frá úthlutun sjóðsins vegna skólaársins 2020-2021.

*Úthlutun námsleyfa vegna skólaársins 2020-2021 er lokið. Alls bárust Námsleyfasjóði 172 fullgildar umsóknir. Fjármagn til úthlutunar leyfði að veitt yrðu 47 námsleyfi, þar af þrjú til sex mánaða. Aðeins var hægt að verða við um 27% þeirra beiðna sem fyrir lágu. Námsleyfum var skipt á milli landshluta með hliðsjón af fjölda starfandi kennara og stjórnenda eftir landshlutum. Áherslusvið sjóðsins að þessu sinni var nám sem tengist aga- og bekkjarstjórnun, kennslu í fjölmennningarlegu umhverfi og þróun í verk- og listgreinakennslu. Nöfn námsleyfishafa verða birt á vefsíðu Námsleyfasjóðs um miðjan desember nk.*

Fundi var slitið kl. 14:30

---

Anna Magnea Hreinsdóttir

---

Einar Már Sigurðarson

---

Helgi Arnarson

---

Margrét Halldórsdóttir

---

Skúli Þór Helgason